

## **Bæjarhraun br. á deiliskipulagi - bílastæði** **Byggingarreglugerð frá 1998**

### 64. gr. Bílastæði á lóð

- 64.1 Um fjölda bílastæða er kveðið á í deiliskipulagi.
- 64.2 Ef ekki er kveðið á um annað í deiliskipulagi þá gilda mgr. 64.3 - 64.9.
- 64.3 Á hverri lóð íbúðarhúss skulu vera a.m.k. 2 bílastæði fyrir hverja íbúð sem er stærri en 80 m<sup>2</sup>, en a.m.k. 1 bílastæði fyrir hverja íbúð sem er 80 m<sup>2</sup> eða minni.
- 64.4 Við öll fjölbýlishús með 6 íbúðum eða fleiri skal vera 1 gestabílastæði sem henti þörfum fatlaðra auk þeirra stæða sem eru fyrir sérhannaðar íbúðir fyrir fatlaða í húsinu.
- 64.5 Við verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar og þjónustumiðstöðvar skal gera ráð fyrir a.m.k. 1 bílastæði á hverja 35 m<sup>2</sup> húsnæðis. 1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir hreyfihamlaða, þó að lágmarki 1 stæði.
- 64.6 Við annað atvinnuhúsnæði en getið er í mgr. 64.5 skal gera ráð fyrir a.m.k. 1 bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup> húsnæðis. 1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir hreyfihamlaða, þó að lágmarki 1 stæði.
- 64.7 Ef um samkomuhús er að ræða, svo sem kvikmyndahús, leikhús, félagsheimili eða önnur slík hús, skal a.m.k. séð fyrir 1 bílastæði fyrir hver 6 sæti í húsinu. 1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir hreyfihamlaða, þó að lágmarki 1 stæði.
- 64.8 Við framhaldsskóla skulu vera a.m.k. 5 bílastæði á hverja skólastofu, auk bílastæða fyrir starfsfólk. 1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir hreyfihamlaða, þó að lágmarki 1 bílastæði.
- 64.9 Ef byggingarnefnd telur að ekki verði komið fyrir á lóð nægilegum fjölda bílastæða getur hún heimilað að bílastæðum verði komið fyrir á annarri lóð í sama hverfi, sem nýtist viðkomandi húsi að mati byggingarnefndar, enda verði, áður en byggingarleyfi er gefið út, þinglýst kvöð um slík bílastæði á þá lóð þar sem þau eru fyrirhuguð. Jafnan skal þó, þar sem aðstæður leyfa, séð fyrir a.m.k. 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóð hússins eða í því.
- 64.10 Heimilt er byggingarnefnd að leysa lóðarhafa undan kvöð um bílastæði ef hann greiðir bílastæðagjald, skv. gr. 28.



- 64.11 Gerð bílastæða er háð samþykki byggingarnefndar og skal sýna fjölda þeirra, fyrirkomulag, tengsl við gatnakerfið og önnur mannvirki þessu tengd á aðaluppdráttum. Bílastæði skulu staðsett þannig að þau hindri ekki aðgang að dyrum og vörumóttöku. Bílastæði sérmerkt fötluðum séu sem næst inngangi.
- 64.12 Við hús ætluð til iðnaðar, verslunar o.þ.h., skal að jafnaði gera ráð fyrir að ferming eða afferming flutningstækja geti farið fram á lóð þess.vað sagði byggingarreglugerðin frá 1998?

**Í byggingarreglugerð 2012 er þetta ákvæði dottið út**

**Í lögum um mannvirki er ekki minnst á bílastæði**

**Í skipulagslögnum 123/2010 er ekki minnst á bílastæði**

**Í skipulagsreglugerð 90/2013 er kveðið á um að setja skuli skilmála um m.a. bílastæði í deiliskipulagi.**

### Bæjarhraun 2

- Samtals byggingarmagn er: 2167 fm
- Bílastæði eru: 64 og 4 fyrir fatlaða.
- Viðmið: gamla reglugerðin 62 stæði

### Bæjarhraun 4

- Samtals byggingarmagn er: 2302,2 fm
- Bílastæði eru: 22 og 0 fyrir fatlaða
- Viðmið: gamla reglugerðin 65 stæði.

### Bæjarhraun 6

- Samtals byggingarmagn er: 921 fm
- Bílastæði eru: 12 og 0 fyrir fatlaða
- Viðmið: gamla reglugerðin 26 stæði

## Bæjarhraun 8

- Samtals byggingarmagn er: 1608,4 fm  
Bílastæði eru: 25 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 46 stæði.

## Bæjarhraun 10

Samtals byggingarmagn er: 1030,4 fm  
Bílastæði eru: 30 og 1 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 30 stæði

## Bæjarhraun 12

Samtals byggingarmagn er: 1128,0 fm  
Bílastæði eru: 26 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 32 stæði.

## Bæjarhraun 14

Samtals byggingarmagn er: 1100,8 fm  
Bílastæði eru: 11 og 0 fyrir fatlaða. (Bak við hús?)  
Viðmið: gamla reglugerðin 31 stæði.

## Bæjarhraun 16

Samtals byggingarmagn er: 1689,1 fm  
Bílastæði eru: 26 og 0 fyrir fatlaða. (bílakjallari)  
Viðmið: gamla reglugerðin 48 stæði.

## Bæjarhraun 18

Samtals byggingarmagn er: 970,0 fm  
Bílastæði eru: 26 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 28 stæði.

## Bæjarhraun 20

Samtals byggingarmagn er: 1620,0 fm  
Bílastæði eru: 18 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 46 stæði

## Bæjarhraun 22

Samtals byggingarmagn er: 1411,2 fm  
Bílastæði eru: 8 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 40 stæði

## Bæjarhraun 24

Samtals byggingarmagn er: 2519,4 fm  
Bílastæði eru: 24 og 0 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 72 stæði

## Bæjarhraun 26

Samtals byggingarmagn er: 521,8fm  
Bílastæði eru: ca15og 1 fyrir fatlaða.  
Viðmið: gamla reglugerðin 15 stæði



**HAFNARFJÖRÐUR**